

um baráttu gegn eiturlyfjanautn.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfróðra manna til þess að rannsaka, hve mikil brögð eru í landinu að ofneyzlu eiturlyfja, annarra en áfengis og tóbaks. Skal jafnframt athugað, hvaða lyf eða eiturefni hér er helzt um að ræða, hvaðan þau berast á markaðinn og hvernig sölu þeirra og dreifingu er hagað. Í starfi sínu skal nefndin njóta fyrirgreiðslu opinberra aðila, — heilbrigðisyfirvalda, lögreglu og annarra, — eftir því sem hún telur þörf á. Rannsókninni skal hún hraða eftir föngum og skila, að henni lokinni, skýrslu um niðurstöður ásamt tillögum um aðgerðir til úrbóta.

Alþingi væntir þess, að ríkisstjórnin láti síðan á grundvelli þessarar rannsóknar gera allt, sem unnt er, til þess að hefta þessa eiturlyfjaneyzlu og til þess að veita fórnarlömbum hennar nauðsynleg skilyrði til lækningar.

Greinargerð.

Margir halda því fram, að eiturlyfjaneyzla hafi farið ört vaxandi hér á landi hin síðari ár og sé nú orðin iskyggilega mikil. Engar skýrslur eru þó til um þessa tegund neyzlu, og því er ógerningur að fullyrða nokkuð um hana að svo stöddu. Hins vegar er ofnautn eiturlyfja svo alvarlegt mál, að minnstu líkur til útbreiðslu hennar hljóta að réttlæta tafarlausa rannsókn og síðan viðeigandi aðgerðir.

Íslensk blöð hafa öðru hvoru gert eiturlyfjaneyzlu hér á landi að umtalsefni og þá ýmist greint frá einstökum dæmum eða rætt hana almennt. Þar hefur þeirri skoðun verið haldið fram, að eiturlyfjaneyzla breiðist hér mest út meðal ungs fólks og þá einkum meðal kornungra stúlkna.

Í fórum lögreglunnar munu vera til allmikil gögn, er snerta þetta óhugnanlega vandamál, enda ekki einsdæmi, að hún hafi verið fengin til að skakka leikinn á heimilum og í hófum eiturlyfjaneytenda á ýmsum aldri. Þá er og vitað um mörg lögbrot framin í því skyni að afla nautnalyfja og koma þeim út.

Læknar og lyfjafræðingar verða daglega varir við ásókn fólks í nautnalyf, og er sú ásókn talin hafa aukizt verulega á síðari árum. Virðist þar vera um að ræða fólk á öllum aldri og af báðum kynjum. Læknar hafa einnig á annan hátt kynnt þessu vandamáli, því að til þeirra er leitað um hjálp handa hinum ógæfusömu eiturlyfjaneytendum, — hjálp, sem allajafna gengur erfiðlega að veita, enda aðstaðan hér á landi eins slæm og hún getur frekast verið.

Þótt ýmsir aðilar þekki þannig til einstakra eiturlyfjaneytenda, hefur enginn hugmynd um fjölda þeirra hér á landi, en líkur eru fyrir, að hann sé óhugnanlega mikill og fari vaxandi.

Það er vafi um tölu þessa ógæfufólks, en þó er ýmislegt annað í sambandi við vandamálið ekki síður óljóst. Hvar fá menn nautnalyfin? Er þeim smyglað inn í landið með skipum og flugvélum, eða berast þau frá hinu erlenda yfirráðasvæði í nánd við Keflavík? Er hugsanlegt, að læknar og lyfjafræðingar séu ekki nægilega vel á verði gagnvart misnotkun læknislyfja? Þessar og þvílíkar spurningar vakna eðlilega, en svör við þessu fást engin að órannsökuðu máli.

Sérstökum áhyggjum hlýtur sá grunur að valda, að útbreiðsla eiturlyfjaneyzlu sé sérlega mikil meðal unglinga og jafnvel að nautnalyfjum sé af ráðnum hug haldið að ungum stúlkum. Þessi grunur, svo ljótur sem hann er, hefur verið látinn í ljós opinberlega. Hefur hann við rök að styðjast eða ekki? Úr því verður að fást skorið með samvirkusamlegri og hlífðarlausri rannsókn.

Nákvæm athugun á að geta leitt í ljós staðreyndir þessa máls, og á þeim eiga aðgerðirnar síðan að byggjast. Baráttuna gegn eiturlyfjaneyzlu verður að heyja markvisst, og má í engu til spara. Þar verða allir að leggjast á eitt. Sölu og dreifingu nautnalyfja þarf að uppræta og jafnhliða að koma til hjálpar þeim, sem orðið hafa nautninni að bráð. Eins og sakir standa, er mjög erfitt fyrir um lækningu þessara sjúklinga, og kemur þar til greina m. a. alger skortur á stofnunum, sem því hlutverki geta gegnt. Úr þessu er tiltölulega auðvelt að bæta nú, ef viljann skortir ekki. Tveir stórspítalar eru í byggingu í Reykjavík, Landsspítalinn og Borgarsjúkrahúsið. Í báðum þessum stofnunum þurfa að vera geðlækningadeildir, sem ásamt öðru eiga að sinna því hlutverki að lækna eiturlyfjaneytendur.

Þess er vænt, að Alþingi sýni þessu vandamáli fullan skilning. Það er þjóðfélagslegs eðlis og snertir lífshamingju fjölda heimila í landinu. Það, sem farið er fram á, er fyrst athugun og síðan ráðstafanir. Sé ástandið í þessu efni eins alvarlegt og af er látið, verður að bregða skjótt við og beita öllum tiltækum ráðum til úrbóta.